



Kópavogsbær

Fléttan – farsæld barna í Kópavogi

Samstarf mennta- og velferðarsviðs

27. apríl 2023

Innleiðingarteymi samþættrar þjónustu



Samstarf mennta- og velferðarsviðs

- Stýrihópur skipaður í mars 2018 með það að markmiði að:
 - Auka samvinnu á milli sviða og veita heildstæðari og betri þjónustu til íbúa.
 - Efla stuðning við starfsfólk stofnanna meðal annars með bætту verklagi og skýrari verkaskiptingu á milli sviða.
- Í stýrihópi sátu Anna Eygló Karlsdóttir, Guðlaug Ósk Gísladóttir, Ingunn Mjöll Birgisdóttir, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir.
- Á fundi stýrihóps mættu fjölmargir samstarfsaðilar með sérþekkingu á þeim málaflokkum er undir sviðin heyra.
 - Rúmlega 20 verkefni skilgreind og skipaðir vinnuhópar til að útfæra þau nánar.



Verklag stýrihóps og vinnuhópa

- Stýrihópur skilgreindi verkefnin og þau markmið sem vinnuhópar áttu að vinna að innan ákveðins tímaramma.
 - Hvert verkefni fékk málsnúmer í ONE.
- Stýrihópur skilgreindi einn úr sínum hópi sem ábyrgðarmann verkefnis og vinnuhóps.
- Stýrihópur valdi hópstjóra og aðra fulltrúa vinnuhóps úr hópi starfsfólks sviðanna bæði innan úr stjórnarsýslunni sem og úti í leik- og grunnskólum.
- Stýrihópur fundaði reglulega til að fylgjast með framgangi verkefna og veitti vinnuhópum stuðning eftir þörfum.



Afrakstur verkefna og vinnuhópa

- Allir vinnuhóparnir sem skipaðir voru í upphafi hafa lokið störfum.
- Afrakstur vinnuhópa eru m.a. vinnulýsingar um samstarf í mismunandi málaflokkum og í sumum tilvikum tillögur að breyttum vinnubrögðum eða áframhaldandi samstarfi.
 - vinnulýsing vegna færslu nemenda með sértækar þarfir úr 10. bekk yfir í framhaldsskóla og vegna skólavistar grunnskólabarna sem fara í vistun utan Kópavogs, endurskoðun og kynning á verklagi þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar, viðmið vegna skólasóknar, samstarf við íþróttafélög um hvatningu til þátttöku í íþróttum o.fl.
- Verið er að setja allar nýjar vinnulýsingar inn í gæðakerfi Kópavogs CCQ.



Fléttan samstarf mennta- og velferðarsviðs

- Stýrihópnum fannst vanta nafn á samstarf sviðanna og að því væri sköpuð örugg umgjörð til framtíðar þannig að það yrði áfram skilvirkt og árangursríkt.
 - „Fléttan” varð fyrir valinu en en starfsemi sviðanna fléttast saman á marga vegu þegar kemur að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.
 - Undir Fléttuna falla öll þau verkefni sem snúa að samstarfi sviðanna þegar kemur að börnum og fjölskyldum þeirra.
 - Sum verkefnin varða samstarf sem er viðvarandi og tilheyra Fléttunni en önnur eru átaksverkefni sem klárast.



Fléttan – farsæld barna

- Innleiðing nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna er stærsta samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs.
- Öll þjónusta við börn og fjölskyldur á mennta- og velferðarsviði er farsældarþjónusta og því leiðir að öll samstarfsverkefni sviðanna sem varða börn styðja við farsæld barna = **Fléttan – farsæld barna**.
- Innleiðing nýrra laga kallar á miklar kerfisbreytingar og því kjörið að nýta verklag Fléttunar við framkvæmd þeirra.
 - Stýrihópur, vinnuhópar, verklagsreglur, vinnulýsingar eða annar afrakstur.



Lög um samþættingu þjónustu þágu farsældar barna nr.86/2021

- Tóku gildi 1. janúar 2022.
- Taka til allrar þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita börnum hvort sem það er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis eða velferðarkerfis.
- Aðrir aðilar sem vinna með börnum í skipulögðu starfi sem á þátt í að styðja og efla farsæld barna bera einnig skyldur og geta tekið þátt í samþættingu þjónustu.
 - íþrótta-, lista og æskulýðsstarf, annað tómstundastarf, sjálfstætt starfandi sérfræðingar, frjáls félagasamtök og fleiri.






Hver eru markmiðin með samþættingu þjónustu?

- Að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi.
- Að öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
 - Hafi aðgengi að tengilið og eftir atvikum málstjóra.
- Þau sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu eiga að:
 - Fylgjast með velferð og farsæld allra barna.
 - Bregðast við þörf fyrir þjónustu snemma.
 - Hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi.



Hlutverk þjónustuveitenda farsældarþjónustu



Hvað er samþætt þjónusta?

- Vísar fyrst og fremst til samstarfs þjónustuveitenda en ekki er um nein ný úrræði að ræða.
- Þverfagleg samvinna og sameiginleg lausnaleit þar sem allir þjónustuveitendur skoða hvað þeir geta lagt að mörkum til að mæta þörfum barns og fjölskyldu.





Hvað er samþætt þjónusta?

- Við samþættingu skipuleggja þjónustuveitendur þjónustu á markvissan og samfelldan hátt.
 - Þjónusta er heildræn og veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns og fjölskyldu hverju sinni.
 - Skipulag þjónustunnar skal miða að því að ekki verði rof í þjónustu til dæmis vegna aldurs barns eða breyttra aðstæðna barns, fjölskyldu eða þjónustuveitenda.



Hvað er snemmtækur stuðningur?

- Stuðningur sem er veittur um leið og þörf fyrir hann vaknar.
- Þjónusta sem er við hæfi og því skal ekki grípa til umfangsmikilla úrræða ef unnt er að ná markmiðum þjónustunnar með vægari hætti.
- Aðgangur að stuðningi án hindrana og samþætt þjónusta byggir á þeirri forsendu að skjót og samþætt viðbrögð við minni háttar vanda geti komið í veg fyrir umfangsmeiri vanda og íhlutun síðar meir.



Innleiðing samþættar þjónustu og samstarf sviðanna

- Innleiðing nýrra laga er ferli sem mun taka um fimm ár.
- Þetta er ekki verkefni sem kemur fullmótað og við getum byrjað að vinna eftir á einhverri ákveðinni dagsetningu.
- Við verðum að fara af stað og móta verklagið jafnóðum í samstarfi sviðanna.
- Við munum rekast á áskoranir en þær munu hjálpa okkur að móta betra verklag og færa okkur nær því kerfi sem við viljum byggja upp.



Innleiðingarteymi samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í Kópavogi

- Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir asdisgu@kopavogur.is fyrir leikskóladeild.
- Ingunn Mjöll Birgisdóttir ingunn.mjoll@kopavogur.is verkefnastjóri á menntasviði.
- Jóhanna Lilja Ólafsdóttir johannalilja@kopavogur.is fyrir velferðarsvið.
- Sólveig Norðfjörð solnord@kopavogur.is fyrir grunnskóladeild.



Sameiginlegur skilningur

- Innleiðingarteymi hefur fundað mjög reglulega.
- Kynningar fyrir pólitíska fulltrúa framundan þar sem kynning hefur ekki farið fram aftur eftir kosningar vorið 2022.
- Kynningarfundir með stjórnendateyimum allra leik- og grunnskóla hafa verið haldnir.
 - Fundað hefur verið oftast með ákveðnum hópum s.s. sérkennslustjórum, skólastjórum o.fl. saman og í sundur.
- Kynningarfundir með starfsmönnum í stjórnsýslu mennta- og velferðarsviðs.
 - S.s. áhrif laganna á Barnaverndarþjónustuna, á þjónustu fyrir fötluð börn auk almennra kynninga fyrir starfsmenn sviðanna sem með einum eða öðrum hætti koma að farsældarþjónustu.
- Heimsóknir í nemendaverndarráð grunnskóla standa yfir.



Staðan í dag

- Leik- og grunnskólar hafa skilgreint tengiliði og gengið hefur frá ráðningu málstjóra sem staðsettir eru á velferðarsviði.
 - Búið að halda kynningarfundum með tengiliðum og málstjórum til að styrkja þá í hlutverkum sínum á meðan unnið er að verklagi.
 - Unnið er að stofnun barna- og fjölskylduteymis velferðarsviðs.
 - Unnið er að ráðningu ráðgjafa tengiliða í leikskólum bæjarins á menntasviði.
- Rafræn beiðni um samþættingu þjónustu er komin í loftið sem fyllt er út í samstarfi foreldra, barna og tengiliðs eða málstjóra.



Staðan í dag

- 1. útgáfa fræðsluefnis fyrir tengiliði og málstjóra til að kynna samþættingu þjónustu fyrir foreldrum og forráðamönnum tilbúin.
 - Hún er forsenda þess að beiðni um samþætta þjónustu sé sett af stað.
 - Tryggja þarf að foreldrar og börn skilji það sem verið er að samþykkja sérstaklega með tilliti til persónuverndar.
- Búið að setja inn sniðmát að frummati tengiliða, fundargerðum og stuðningsáætlunum inn í málakerfi bæjarins þar sem það er aðgengilegt tengiliðum og málstjórum.
- Formleg samþætting í málum barna farin af stað bæði í leik- og grunnskólum.



Fléttan – farsæld barna

- Nýr stýrihópur Fléttunnar hefur í samstarfi við innleiðingarteymi skilgreint tólf ný verkefni í Fléttunni – farsæld barna.
- Þegar búið að skipa í nýja vinnuhópa sem snúa m.a. að mótun snemmtækra inngripa við skólasóknarvanda, mótun snemmtækra úrræða í formi stuttra og gagnlegra námskeiða og fræðslu fyrir foreldra og börn í Kópavogi, innleiðingu forvarnarteyma í grunnskólum o.fl.
- Verið er að skipa í hóp um skipulag á fræðslu um samþætta þjónustu til hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra, barna og ungmenna) og hóp sem snýr að mótun farsældarsíðu á heimasíðu Kópavogs.



Áframhaldandi fræðsla og mótun verklags

- Tryggja þarf að öll sem starfa með börnum og fjölskyldum í Kópavogi fái fræðslu um markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
 - Fræðslan mun taka tíma og við munum þurfa að nota mismunandi leiðir til að koma þekkingunni út til ólíkra hópa.
 - Vinnuhópur um skipulag fræðslu mun styðja innleiðingarteymið við framkvæmdina.
- Fræðsluáætlun fer markvisst af stað haustið 2023.

